



Reykjavík, 16. mars 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun

Samtök ferðaþjónustunnar (Samtökin) hafa kynnt sér frumvarp til laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun og eru með eftirfarandi ábendingar.

Samtökin vilja fyrst koma á framfæri ábendingu um allt of skamman tíma til umsagnar sem takmarkar möguleika á að fara djúpt í efnisatriði fyrirbyggjandi draga. Þá benda samtökin á að ekkert samráð hefur verið haft við greinina við gerð frumvarpsins og er það ámælisvert.

Varðandi einstaka efnisgreinar frumvarpsins eru samtökin með eftirfarandi athugasemdir að svo stöddu:

2. gr. gildissvið

- Samtökin telja að orðalag sé of loðið með „öðru hverju“ og að skilgreina þurfi þetta nánar.

4. gr. skilgreiningar

- Samtökin telja orðalag flókið með „ekki órjúfanlegur“ og telja að „samtengdur“ sé betra orðfæri.

6. gr. upplýsingar sem ber að veita fyrir samningsgerð

- Í lið ii og iii er eru gerðar kröfur um gæðastaðal. Staðallinn sem um ræðir er ekki skilgreindur og er þarna er of langt gengið miðað við grunnútgáfu af þeirri ESB tilskipun sem frumvarpið byggir á. Þessi krafa er mati samtakanna íþyngjandi enda ræðst samkeppnisstaða fyrirtækja af gæðum þeirrar þjónustu sem boðið er upp á hverju sinni.

27. gr. fjárhæð tryggingar

- Samtökin leggja ríka áherslu á að reglugerð um tryggingar vegna alferða verði unnin í nánu samstarfi við samtökin.

Þar sem of skammur tími hefur verið til umsagna við fyrirbyggjandi drögum fara samtökin fram á að eiga fund með fulltrúum ráðuneytisins þar sem nánar er farið í hvern efnisþátt draganna.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum.

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson